



**Stofnþing ASÍ – UNG**  
**27. maí 2011**

## **Ályktun ASÍ UNG í atvinnu- og kjaramálum**

1.

ASÍ-UNG telur að auka þurfi mun á milli atvinnuleysisbóta og almennra launa. Skapa þarf vinnuhvetjandi umhverfi með því að auka þennan mun.

Virkja þarf ungt fólk til hugarfarsbreytingar gagnvart atvinnulífi og efla vinnusiðferði. Hvetja þarf ungt fólk til atvinnuþátttöku sem eykur verðmætasköpun og velferð þjóðfélagsins.

2.

ASÍ-UNG hvetur ASÍ til leiðbeinandi upplýsingagjafa til launafólks gagnvart atvinnurekendum. ASÍ-UNG standi fyrir skemmtilegum auglýsingum til að kynna ungu fólki réttindi sín og skyldur.

Auka þarf fræðslu um réttindi og skyldur í grunn- og framhaldsskólum í atvinnu og kjaramálum.